

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	Kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 635,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	585,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	585,00
4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyting á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	585,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	135,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	765,00
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	145,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	85,00
9. Fyrir innköllun	765,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	305,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	975,00
12. Fyrir dómsbirtingu	975,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	440,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 68,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 10. ágúst 1983. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 57 16. febrúar 1983 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1983.

Jón Helgason.

Þorsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Akraness.

Hinn 29. júní 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Akraness að hluta íbúðasvæðis við Stillholt verði breytt í verslunarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.